



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 27. ágúst, 2007

Ákvörðun nr. 45/2007

Samruni Sparisjóðs Mýrarsýslu og Sparisjóðs Siglufjarðar

1.

Með bréfi dagsettu 21. maí tilkynnti Sparisjóður Mýrarsýslu Samkeppniseftirlitinu um kaup sín á Sparisjóð Siglufjarðar. Bréfinu fylgdi samrunaskrá þar sem framsetningin var ekki í samræmi við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu um samruna. Fullnægjandi upplýsingar bárust með bréfi dagsettu 18. júlí, mótteknu 23. júlí sl., og miðast 30 frestur Samkeppniseftirlitsins við þá dagsetningu í samræmi við 17. gr. samkeppnislaga.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni Sparisjóðs Mýrarsýslu og Sparisjóðs Siglufjarðar feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

2.

Sparisjóður Siglufjarðar er sparisjóður í skilningi VIII. kafla laga um fjármálaþyrskot nr. 161/2002 og rekur hann afgreiðslu á Siglufirði. Sparisjóður Mýrarsýslu á keypti stofnfé allra 58 stofnfjáreigenda Sparisjóðs Siglufjarðar. Kaup Sparisjóðs Mýrarsýslu áttu sér stað árið 2003.

3.

Fram kemur í samrunaskrá að staða Sparisjóðs Siglufjarðar hafi verið slæm en CAD hlutfall sjóðsins var 4,67 þann 31. desember 2002. Samkvæmt 84. gr. laga um fjármálaþyrskot nr. 161/2002 skal eiginfjárlutfall nema að lágmarki 8% af eiginfjárgrunni.

Í Siglufirði eru um 1.350 íbúar. Þrátt fyrir smæð bæjarfélagsins eru samkvæmt samrunaskrá gerðar ríkar kröfur um upplýsingagjöf til yfirvalda og vinnulag auk þess sem kröfur viðskiptavina eru afar miklar. Kemur fram í samrunaskránni að með samrunanum geti Sparisjóður Siglufjarðar nýtt sér ýmsa stöðþjónustu Sparisjóðs Mýrarsýslu og þannig náð fram hagræði í starfsemi sinni.

4.



Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda. Starfsemi Sparisjóðs Siglufjarðar og umsvif eru að meginstefnu til á Norðurlandi en þar hefur sparisjóðurinn rekið afgreiðslu í Siglufirði. Sparisjóður Mýrarsýslu rekur afgreiðslu í Borgarnesi og á Akranesi ásamt því að reka skrifstofu í Reykjavík. Á Norðurlandi og starfssvæði Sparisjóðs Mýrarsýslu reka þrír stórir viðskiptabankar afgreiðslur. Þegar horft er til sterkrar samkeppnisstöðu þessara keppnauta samrunaaðila, sem lýsir sér meðal annars í umtalsverðum efnahagslegum styrkleika og breiðu vöruúrvali, og aðstæðna að öðru leyti, telur Samkeppniseftirlitið ekki að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist þannig að samkeppni sé hindruð í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með samningum Sparisjóðs Mýrarsýslu um kaup á öllu stofnfé í Sparisjóð Siglufjarðar felst samruni í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson